



Nr. 20/2004
6. júlí 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júní 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júní 2004 og til samanburðar í lok maí 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,8 milljarða króna í júní í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína (sjá t.d. nóvemberhefti *Peningamála* 2003). Nokkur gengishagnaður varð í mánuðinum og jókst gjald-eyrisforði bankans samtals um 2,7 milljarða króna. Nam hann 68,5 milljörðum króna í lok mánaðarins sem jafngildir 944 milljónum Bandaríkjadala. Gengishagnaðurinn stafaði af því að gengi íslensku krónunnar veiktist um 0,8% í júní.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkuðu um 1,4 milljarða króna í júní og námu 23,6 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir jukust um 1,7 milljarða króna og námu 7 milljörðum króna í mánaðarlok.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir jukust í mánuðinum um 8,1 milljarð króna, en þar af munar mestu um innstæðubréf, en innstæður innlánsstofnana hækkuðu einnig um 2,2 milljarða króna.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,1 milljörðum króna í júnílok miðað við markaðsverð.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 3 milljarða króna í júní og námu 25,9 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans jókst í júní um 8,3 milljarða króna og nam 30,3 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 30. júní 2004

	STADA 31.12.03	STADA 31.05.04	STADA 30.06.04	HREYFINGAR 2004	
				Á árinu	Í júní
EIGNIR	87.307,0	93.662,8	99.388,1	12.081,1	5.725,3
Erlendar eignir	58.274,1	65.999,5	68.651,6	10.377,5	2.652,2
a Gull	1.873,2	1.785,6	1.826,1	-47,1	40,5
b Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	7,3	7,4	3,9	0,1
c Gjalddeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.947,3	1.977,5	14,7	30,2
d Erlendir bankar	22.739,6	24.481,0	26.063,6	3.324,0	1.582,6
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	37.616,8	38.614,5	7.085,3	997,7
f Erlendar eignir utan förða	165,9	161,6	162,6	-3,4	1,0
Innlánsstofnanir	24.038,2	22.201,2	23.598,1	-440,1	1.396,9
a Endurhverfir samningar	24.038,2	22.201,2	23.598,1	-440,1	1.396,9
b Daglán	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
c Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	4.192,6	5.318,9	6.991,0	2.798,4	1.672,1
a Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.208,7	3.036,7	-186,5	-172,0
b Endurhverfir samningar	969,4	2.110,2	3.954,2	2.984,8	1.844,0
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	715,5	29,0	29,2	-686,3	0,3
a Markaðsskráð spariskirteini	715,5	29,0	29,2	-686,3	0,3
Aðrar eignir	86,5	114,2	118,1	31,5	3,9
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	87.307,0	93.662,8	99.388,1	12.081,1	5.725,3
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	305,0	287,4	163,7	-17,6
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.719,4	1.747,8	13,1	28,4
Seðlar og mynt	10.583,5	10.938,3	11.106,7	523,2	168,4
Innlánsstofnanir	11.116,9	11.135,7	19.223,5	8.106,6	8.087,8
a Innstæður	6.615,7	9.533,5	11.769,8	5.154,1	2.236,2
b Bundnar innstæður v/stórgreiðslukerfis	3.825,0	1.602,1	1.451,9	-2.373,1	-150,2
c Innstæðubríf	4.501,2	0,0	6.001,8	1.500,6	6.001,8
d Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	33,2	10,0	10,1	-23,1	0,1
a Innstæður	33,2	10,0	10,1	-23,1	0,1
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	22.900,7	28.906,0	25.887,6	2.987,0	-3.018,4
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	15.782,4	12.496,6	2.807,5	-3.285,9
b Ríkisstofnanir	1.207,6	660,1	876,8	-330,7	216,7
c Gjalddeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	715,3	716,6	229,4	1,3
d Bundið innlán	11.516,9	11.748,1	11.797,7	280,8	49,5
Aðrar skuldir	597,5	591,9	560,2	-37,3	-31,7
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	-160,5	347,8	347,8	508,3
Gengishagnaður/-tap á árinu	1,2	725,8	725,8	724,6
Áætlaður hagnaður af rekstri	-161,8	-378,0	-378,0	-216,2
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	-	-
Liðir til skýringar					
Gjalddeyrisförði (erlendar eignir, a - e)	58.108,2	65.837,9	68.489,1	10.380,9	2.651,2
Gjalddeyrisstaða, nettó	57.984,6	65.533,0	68.201,7	10.217,1	2.668,8
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	22.185,2	28.877,0	25.858,4	3.673,2	-3.018,6
Kröfur á aðra, brúttó	28.317,4	27.634,3	30.707,2	-440,1	1.396,9
Grunnfé	21.700,4	22.074,0	30.330,2	8.629,8	8.256,2

Allar fjárhæðir í milljónum króna